



## FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Föstudaginn 1. júlí 2022 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl. 8:30 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt Halldór Gunnar Ólafsson, Péturína Laufey Jakobsdóttir, Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir, Erla María Lárusdóttir og Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir, ásamt Alexöndru Jóhannesdóttur sveitarstjóra.

Halldór G. Ólafsson oddviti stjórnaði fundi. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

#### 1. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir verkefni sem unnin hafa verið á vettvangi sveitarfélagsins frá síðasta fundi. Sveitarstjóri tilgreindi sérstaklega vel heppnaða opnun á nýrri starfsstöð Greiðslustofu Vinnumálstofnunar á Skagaströnd sem fór fram 30. júní. Framkvæmdirnar heppnuðust mjög vel og er ríkir mikil ánægja með nýja aðstöðu Vinnumálstofnunar. Fram kom að heildarkostnaður við verkið hafi verið undir kostnaðaráætlun. Skýrsla sveitarstjóra var flutt munnlega og til kynningar.

#### 2. Rekstraryfirlit janúar – maí 2022 og fjárfestingayfirlit dags. 31. maí 2022

Fyrir fundinum lá rekstraryfirlit janúar-maí 2022 og fjárfestingayfirlit fram til 31. maí 2022 sem sveitarstjóri fór yfir og útskýrði. Yfirlitið var lagt fram til kynningar.

#### 3. Aðalskipulag Sveitarfélagið Skagaströnd 2019-2035

Tekin var fyrir eftir auglýsingu tillaga að Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagastrandar 2019-2035. Tillagan var auglýst með athugasemda fresti til 26. maí 2021. Fyrir liggja skipulagsgögn dagsett í júní 2022. Með vísan til 32. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 samþykkir sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar samhljóða tillögu að aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagastrandar 2019-2035 og felur sveitarstjóra að senda Skipulagsstofnun tillöguna til endanlegrar afgreiðslu.



#### 4. Trúnaðarmál

Afgreiðsla sveitarstjórnar bókuð í trúnaðarbók.

#### 5. Bréf

##### a. HMS dags. 14. júní 2022

Með erindinu er vísað til umsóknar sveitarfélagsins í nafni óstofnaðrar hses. um stofnframlag á grundvelli laga um almennar íbúðir nr. 52/2016. Samþykkt er að veita sveitarféluginu 18% stofnframlag og sérstakt byggðaframlag að fjárhæð kr. 17.663.536,- eða alls stofnframlag sem nemur kr. 32.115.520,-. Sveitarfélagið fagnar þessum áfanga en áætlað er að auglýsa eftir verktökum í samvinnu við HMS fyrir haustið.

##### b. Matvælaráðuneytið dags. 15. júní 2022

Með erindinu er sent svar Matvælaráðuneytis í tengslum við athugasemdir sem sveitarfélagið hefur gert varðandi sérreglur fyrir úthlutun byggðakvóta í sveitarféluginu. Sveitarstjóri hefur undanfarið verið í samskiptum við matvælaráðuneytið f.h. sveitarfélagsins vegna úthlutunar byggðakvóta fyrir fiskveiðiárið 2021/2022 og óskað eftir skýringum á því af hverju ráðuneytið hafi ekki orðið við tillögu sveitarfélagsins um að fella út 2. mgr. 1. gr. reglugerðar, nr. 995/2021, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðíárinu 2021/2022 („almenna reglugerðin“) vegna úthlutunar fyrir sveitarfélagið Skagaströnd. Eftir algjört sinnuleysi og ítrekaðar tilraunir til þess að leita svara fékkst loksns fundur með ráðuneytisstjóra og öðrum starfsmönnum ráðuneytisins og í kjölfarið skriflegt svar frá ráðuneytinu. Sveitarstjórn lýsir verulegum vonbrigðum með málsmeðferð ráðuneytisins og niðurstöðu. Eftir marga mánuði tókst loks að fá einhver svör á því af hverju ekki var orðið við framangreindri tillögu sveitarfélagsins en erindi ráðuneytisins svarar þó í engu þeim athugasemdum og spurningum sem komið hafði verið á framfæri. Sveitarstjórn telur að ekki hafi verið tekið tillit til hagsmuna sveitarfélagsins við málsmeðferðina heldur horft til hagsmuna eins einkaaðila og niðurstaða byggð á hans athugasemdum. Sveitarstjórn fékk þó ekki fari á að svara þeim athugasemdum enda sá ráðuneytið ekki ástæðu til að senda sveitarféluginu athugasemdir sem bárust þrátt fyrir að þær virðist hafa ráðið niðurstöðu um úthlutun byggðakvóta fyrir sveitarfélagið. Sveitarstjórn telur þetta forkastanlegt og ekki samræmast tilgangi



byggðakvóta. Málsmeðferð og afstaða ráðuneytisins valdi verulegum áhyggjum um þróun mála hvað byggðakvóta varðar á svæðinu. Sveitarstjóra er falið að bregðast frekar við og meta til hvaða úrræða grípa megi til vegna þeirrar stöðu sem upp er komin.

**c. Skógræktin dags. 16. júní 2022**

Með erindinu er óskað eftir framkvæmdaleyfi vegna aðgerða tengdri skógrækt í Spákonufelli. Skógræktarsvæðið er í landi sveitarfélagsins og verkefnið unnið samkvæmt samstarfssamningi milli Skógræktarinnar og Sveitarfélagsins Skagastrands. Alls er áætlað að gróðursetja 176.000 plöntur í um 80 ha landsvæði en skipulagða svæðið er í heild rétt undir 150 ha. Markmið verkefnisins er að rækta fjölbreyttan skóg í hlíðum Spákonufells til viðbótar við þá skógarreiti sem Skógræktarfélag Skagastrands hefur ræktað á svæðinu á síðustu árum. Ásýnd svæðisins mun breytast strax á fyrstu stigum framkvæmda. Eldri girðing um skóginn verður endurnýjuð og svæðið beitarfriðað. Jarðvinna þarf hluta svæðisins og opna rásir í gróðurhuluna til að auka lífslíkur trjáplantna sem gróðursettar verða á svæðinu. Einnig verða lagðar vinnubrautir um svæðið til að reisa nýja girðingu og opna aðgengi á svæðinu. Stefnt er að því að græða upp brautir með grassáningu og áburðargjöf þar sem þörf verður á til að draga úr hættu á úrrennsli. Þessi ummerki hverfa því að mestu á fyrstu árum og með tímanum vex skógur á svæðinu. Framkvæmdir við girðingar hófust í júní, jarðvinnsla hefst í júlí og gróðursetning í ágúst 2022. Gera má ráð fyrir að gróðursetningu í svæðið ljúki árið 2025.

Sveitarfélagið samþykkir samhljóða með fimm greiddum atkvæðum framlagða umsókn fyrir hönd framkvæmdaaðila og fól sveitarstjóra að gefa út framkvæmdaleyfi vegna verkefnisins.

**d. EFS dags. 22. júní 2022**

Fyrir fundinum lá bréf Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga dags. 22. júní 2022 þar sem fram kemur að eftirlitsnefnd hafi yfirfarið ársreikning sveitarfélagsins fyrir árið 2021. Samkvæmt lágmarksviðmiðum eftirlitsnefndar uppfyllir ársreikningurinn ekki þau viðmið. Þrátt fyrir bráðabirgðaákvæði VII í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 þar sem sveitarstjórnnum er heimilt að víkja frá skilyrðum um jafnvægisreglu og skuldareglu vegna ársins 2021 og næstu fjögur ár þar



á eftir, bendir eftirlitsnefndin á að árið 2026 þarf að uppfylla framangreind skilyrði. Eftirlitsnefnd leggur áherslu á það við sveitarstjórnir að nauðsynlegt sé að fara yfir fjárhagslegar forsendur sveitarfélagsins til að ná lágmarksviðmiðum eftirlitsnefndar.

Er erindinu vísað til fjárhagsáætlunargerðar 2023 og að öðru leyti lagt fram til kynningar.

**e. Hafnasamband Íslands dags. 23. júní 2022**

Með erindinu er boðað til 43. Hafnasambandsþings sem haldið verður í Ólafsvík dagana 27. og 28. október 2022. Sveitarstjórn tilnefnir Alexöndru Jóhannesdóttur hafnar- og sveitarstjóra og Erlu Maríu Lárusdóttur formann hafnar- og skipulagsnefndar til vara.

**f. Innviðaráðuneytið dags. 23. júní 2022**

Með erindinu óskar Innviðaráðuneytið eftir því að sveitarstjórnir veiti upplýsingar inn í svokallaðar grænbækur á sviði sveitarfélaga, skipulags- og húsnæðismála. Var sveitarstjóra falið að veita umbeðnar upplýsingar.

**g. Vegagerðin dags. 26. júní 2022**

Með erindinu er tilkynnt að umsókn sveitarfélagsins vegna fjárveitingu til styrkvega árið 2022 hafi verið tekin til umfjöllunar og samþykkt að úthluta sveitarfélaginu alls kr. 1.000.000,-. Erindið var lagt fram til kynningar.

**6. Fundargerðir**

**a. Stjórn Hafnasambands Íslands dags. 14. júní 2022**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

**b. Stjórnar SSNV dags. 21. júní 2022**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

**c. Hafnar- og skipulagsnefnd dags. 29. júní 2022**

Fyrir fundinum lá fundargerð hafnar- og skipulagsnefndar frá 29. júní 2022. Undir 4. dagskrálið var eftirfarandi bókað:

**Umsókn um lóð að Oddagötu 3**

Fyrir fundinum lá umsókn Einars Sveinssonar um lóð að Oddagötu 3 til byggingar á einbýlishúsi. Húsið er innflutt einingaráhús 55-75 m<sup>2</sup> með einhalla graslögðu þaki og veggir klæddir með timbri. Áætlaður byggingartími er 2 ár og gert ráð fyrir að framkvæmdir heffist vorið 2023. Nefndin fór yfir umsóknina. Samþykkt að úthluta lóðinni í samræmi við framlagða umsókn háð því að framkvæmdir verði hafnar innan árs frá úthlutun lóðar. Umsókn fellur niður einu ári frá úthlutun og er þá laus til umsóknar að nýju.

**Bókun sveitarstjórnar:**

Sveitarstjórn samþykktir bókunina samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

**7. Önnur mál****a. Skipun í stjórn Náttúrustofu NV**

Sveitarstjórn samþykkti að skipa Halldór Gunnar Ólafsson í stjórn Náttúrustofu Norðurlands vestra og Guðbjörgu Evu Guðbjartsdóttur til vara.

**b. Þjónustustöð Olís á Skagaströnd**

Sveitarstjórn harmar þá ákvörðun Olís að loka þjónustustöð fyrirtækisins á Skagaströnd. Ljóst er að ákvörðunin leiðir til mikillar þjónustuskerðingar við íbúa og fækkunar starfa í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn vonast til þess að nýjir rekstraraðilar muni starfrækja rekstur í húsnæðinu og að gott samstarf verði við Olís um að finna húsinu nýjan tilgang og að skilið verði við mannvirkið í viðunandi ástandi. Tryggja verður að breytingar á þjónustu fyrirtækisins á fyrirtækjasviði muni nýtast íbúum og fyrirtækjum á svæðinu með fullnægjandi hætti.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið kl. 12:24

Halldór Gunnar Ólafsson

Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir

Péturína Laufey Jakobsdóttir

Erla María Lárusdóttir

Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir

Alexandra Jóhannesdóttir

